



# Minnisblað

Móttakandi: Sigurður Á. Snævarr

Dags.: 8. febrúar 2022

Sendandi: Valgerður Freyja Ágústsdóttir

Málsnr.: 2201020SA

Málalykill: 04.10

## Efni: Niðurstöður vegna mönnunarviðmiða og innritunaraldurs í leikskóla

### HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Nokkur umræða hefur verið að undanfögnu um þróun í starfsmannahaldi og rekstrarkostnaði leikskóla. Bent hefur verið á að ekki er lengur að finna nein viðmið um barngildi eftir aldri, né viðmið um fjölda fermetra á barn í gildandi reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla. Þar segir:

6. gr.

*Fjöldi barna.*

*Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólastarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.*

Í [skýrslu](#) starfshóps um styrkingu leikskólastigsins kom m.a. fram tillaga um að festa í reglugerð viðmið um barngildi sem talsvert breytt frá þeim gömlu, sérstaklega vegna 2, 3 og 4 ára barna. Í kostnaðarmati á tillögum hópsins var gengið út frá því að sveitarfélög miðuðu við gömlu barngildin þó ekki væru þau lengur lögfest. Niðurstaðan var sú að þessi tillaga ein og sér myndi kalla á gríðarlegan kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin eða allt að 2,2 ma. kr. á ári, fyrir utan stofnkostnað vegna nýrra leikskólabygginga. Hér var þó sá vandi að um gefnar forsendur var að ræða. Því var ákveðið að kortleggja meðal þeirra sveitarfélaga sem reka leikskóla, hvaða viðmið þau styðjast við þegar mönnunarþörf í leikskólum er metin. Einnig var ákveðið að endurtaka að hluta könnun frá 2019 vegna innritunaraldurs leikskólabarna.

Helstu niðurstöður könnunar eru þessar:

- Langflest sveitarfélög styðjast við barngildi þegar mönnunarþörf í leikskóla er áætluð, en misjafnt er hve mikið vægi þau hafa þar sem allnokkur líta til fleiri þátta.
- Fram kemur að langflest sveitarfélögin eru mjög trú gömlu barngildunum sem var að finna í brottfallinni reglugerð um starfsumhverfi leikskóla. Helstu frávik er að finna í barngildum elstu barna þar sem meirihluti sveitarfélaga miðar við lægra barngildi en áður sem leiðir af sér að færri hendur þarf til að sinna þeim. Á móti

eru nokkur sveitarfélög farin að miða við aðeins hærri barngildi vegna 1 árs og 4 ára barna, sem leiðir af sér aukna mönnunarpörf vegna þeirra aldurshópa.

- Öll sveitarfélögin sem þátt tóku í könnuninni hafa sett sér viðmið um innritunaráldur, utan eitt þeirra sem er með slíka stefnu í mótun.
- Fram kemur að 33 sveitarfélög hafa sett sér stefnu eða viðmið um að innrita börn við 12 mánaða aldur eða yngri. Þar býr þriðjungur landsmanna. Fjögur sveitarfélög setja sér það viðmið að innritunaráldur sé um 18 mánaða en þar býr tæplega helmingur landsmanna. Munar þar talsverðu um að Reykjavíkurborg er í þeim hópi.
- Svör sveitarfélaga vegna innritunaráldurs barna í reynd sýna hve mikil dreifingin er. Þó má sjá að flest eru þau á aldursbilinu 19-24 mánaða eða ríflega þriðjungur þeirra. Rúmlega fjórðungur innritast á aldrinum 13-18 mánaða sem er sama hlutfall og var árið 2018 þegar fyrri könnun var gerð.


#### FRAMKVÆMD

Send var út rafræn könnun á alla framkvæmdastjóra sveitarfélaga sem reka leikskóla sem og fræðslustjóra. Könnunin var fyrst send út 14.janúar 2022 og síðar tvær ítrekanir. Af 58 sveitarfélögum svöruðu 41 könnuninni sem jafngildir 71% svarhlutfalli. Rétt er að geta þess að í þessu 41 sveitarfélagi búa 91% landsmanna. Spurningalistann í heild má nálgast í Fylgiskjali 2.

#### HVERJIR SVARA

Þátttakendur voru beðnir að tilgreina starfsheiti í svörum sínum. Þegar þau eru flokkuð kemur í ljós að í 44% tilvika eru það fræðslustjórar eða starfsmenn fræðslu-/fjölskyldusviða sem svara könnuninni. Í 41% tilvika berast svör frá skólastjórnendum og í 15% tilvika eru það framkvæmdastjórar sveitarfélaga sem svara. Öll sveitarfélögin 41 svöruðu spurningunni.

Mynd 1. Starfsheiti þess er svarar




#### VIÐMIÐ VEGNA MÖNNUNAR Í LEIKSKÓLA

Spurt var við hvað er miðað þegar grunnmönnumörþörf inn á deildum leikskóla er metin. Gefnir voru þrjú svarmöguleikar auk þess sem færi gafst á að haka við „annað“ og tilgreina það nánar. Í fyrsta lagi var spurt hvort miðað væri við barngildi vegna mönnunar, eða miðað við fermetrafjölda á barn, eða hvort miðað væri hvoru tveggja.

#### Mynd 2. Viðmið vegna mönnunar í leikskóla

Öll sveitarfélögin svöruðu spurningunni. Yfir helmingur þeirra miðar eingöngu við barngildi, og rúmlega fjórðungur segist miða við hvoru tveggja barngildi og fermetrafjölda.



Ekkert sveitarfélag miðar eingöngu við fermetrafjölda á barn. Ríflega fimmtungur merkir við valmöguleikann „annað“. Athugasemdir þar eru af ýmsum toga, sumir nefna að tekið sé mið af barngildum en einnig sé tekið mið af öðrum þáttum líkt og getu og samsetningu starfsmannahópsins.

Langflest sveitarfélög miða við barngildi en misjafnt er hve þungt þau vege í útreikningi á mönnunarþörf. Annar nefnir leikskólalíkan þar sem tekið er mið af barngildum, undirbúningstíma og orlofsdögum, og enn annar nefnir þjónustumat sem byggir á nokkrum þáttum. Athugasemdir í heild sinni má nálgast í Fylgiskjali 1.

Þau sveitarfélög sem kváðust miða við barngildi voru svo spurð nánar út í þau og beðin að tilgreina barngildi fyrir hvert aldursár. Í töflu 1 má finna yfirlit yfir hlutfallslega dreifingu barngilda innan hvers aldursþóps.

Þar má sjá að gamla barngildið vegna 1 árs gamla barna var 2,0 og um 87% sveitarfélaga merkja við að það sé sá stuðull sem þau noti enn vegna þess aldursþóps. Önnur sveitarfélög hafa hærri barngildisviðmið í þeim aldursþlokki sem leiðir af sér aukna mönnunarþörf.

Tafla 1. Barngildi eftir aldri barna 2021

Barngildi	5 ára	4 ára	3 ára	2 ára	1 árs
0,8	64%				
1,0	36%	68%			
1,1		24%			
1,2		3%			
1,3		5%	90%		
1,6			8%	90%	
1,8			2%		
2,0				10%	87%
2,5					8%
2,6					3%
3,0					2%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%

Skýring: Gulmerkt vísar til barngilda sem áður voru í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla; þ.e. vegna 1 árs barna var barngildið 2,0, vegna 2 ára barna 1,6, vegna 3 ára barna 1,3 og vegna 4 og 5 ára barna var það 1,0.

Í raun ber taflan með sér að alla jafna eru sveitarfélög mjög trú gömlu viðmiðunum um barngildi eftir aldurshópum. Undantekning er þó vegna elstu barnanna, en þar miðar meirihluti (64%) við barngildið 0,8 í stað 1,0 sem er gamla barngildisviðmið vegna 5 ára barna. Þá má sjá að þrætt fyrir að meirihluti sveitarfélaga (68%) miði við gamla barngildið 1,0 vegna 4 ára barna, þá er umtalsverður hluti eða fjórðungur sem miðar við barngildið 1,1.

Tafla 2 sýnir hvert vegið meðaltal barngilda er út frá stærð sveitarfélaga. Vegið meðaltal barngilda vegna 5 ára barna er í öllum tilvikum undir gömlu viðmiðunum, óháð stærð sveitarfélaga sem kallar þá á minni mönnunarförf en ella.

Tafla 2. Vegið meðaltal barngilda eftir stærð sveitarfélaga

	1 árs	2 ára	3 ára	4 ára	5 ára
< 1.000	2,1	1,7	1,3	1,1	0,9
1.000 - 3.000	2,0	1,6	1,3	1,0	0,9
3.000 - 6.000	2,1	1,6	1,3	1,0	0,9
7.000 - 15.000	2,0	1,6	1,3	1,0	0,8
15.000 >	2,0	1,6	1,3	1,1	0,9
Öll sveitarfélög	2,0	1,6	1,3	1,0	0,9


Áhugavert er að sjá að vegið meðaltal barngilda 4 ára barna er hærra en gömlu viðmiðin meðal minnstu og stærstu sveitarfélaganna. Og í raun eru það fámennustu sveitarfélögin sem miða oftast við hærri barngildi en var áður að finna í reglugerð. Þegar horft er á vegið meðaltal allra sveitarfélaga óháð stærð, kemur í ljós að barngildin eru þau sömu og áður, nema í elsta aldurshópnum þar sem það er aðeins lægra en 1,0 barngildið.

Þessi kortlagning sýnir að sveitarfélögin eru almennt nokkuð trú gömlu barngildunum sem áður var að finna í reglugerð. Helstu frávík er að finna í barngildum elstu barna þar sem meirihluti sveitarfélaga miðar við lægra barngildi en áður sem leiðir af sér að færri hendur þarf til að sinna þeim. Á móti eru nokkur sveitarfélög farin að miða við aðeins

hærrí barngildi vegna 1 árs og 4 ára barna, sem leiðir af sér aukna mönnunarþörf vegna þeirra aldurshópa.

Einnig var spurt nánar út í viðmið vegna fermetrafjölda og var annars vegar spurt um fjölda fermetra á barn inni á leikskóladeild og hins vegar um fjölda fermetra á barn í heildarrými leikskólans.


Mynd 3. Viðmið um fermetrafjölda á barn á leikskóladeild



Á mynd 3 má sjá upplýsingar úr tíðnitöflu settar fram á myndrænan hátt. Af þeim 19 sveitarfélögum sem styðjast að einhverju marki við fermetrafjölda, segir rétt tæpur helmingur þeirra að viðmið inn á deild sé 3,5 fermetrar á hvert leikskólabarn.

Þá var spurt um viðmið um fermetrafjölda þegar tekið er tillit til heildarrýmis leikskóla. Hér var spönnin meiri.

Mynd 4. Viðmið um fermetrafjölda á barn í heildarrými leikskóla



Þó má sjá á mynd 4 að flest þeirra sem nýta sér fermetraviðmið í mönnunarútreikningum, miða við að hvert barn hafi alls 7-8 fermetra þegar horft er til

leikskólahúsnæðis í heild.

Rétt er að benda á að þrátt fyrir að ekki sé fjallað um fermetravið í fyrrgreindri reglugerð um starfsumhverfi leikskóla þá segir í 6.9.3.gr. byggingareglugerðar nr. 112/2012:

„Almennt skal miðað við að leikrými fyrir hvert barn sé minnst 3,0 m² á leikskólum og öðrum sambærilegum stöðum þar sem börn eru vistuð.“

Einnig var þátttakendum gefinn kostur á að skila inn athugasemdum vegna húsnæðisviðmiða og bárust 18 slíkar. Flestar sneru að því að ekki væri miðað við fermetrafjölda innan sveitarfélagsins. Nánar má lesa um athugasemdir í Fylgiskjali 1.


Þá var þátttakendum gefinn kostur á að koma á framfæri almennum athugasemdum um viðmið vegna mönnunar í leikskólum. Um það bil helmingur svarenda nýtti sér það. Þar kemur m.a. fram að það sé mikilvægt að til staðar séu viðmið um fermetrafjölda út frá fjölda og aldri barna. En einnig er bent á að mikilvægt sé að huga að styttingu vinnuviku þegar meta á mönnunarþörf inn á leikskólum því annað sé skerðing á þjónustu við nemendur. Hægt er að lesa athugasemdir í heild sinni í Fylgiskjali 1.

#### INNTRITUNARALDUR Í LEIKSKÓLUM

Einnig var ákveðið að kalla eftir upplýsingum vegna innritunaraldurs barna. Hér var í raun um endurtekna könnun að ræða, en vorið 2019 var send út könnun á sveitarfélög og þau spurð út í viðmið um innritunaraldur, biðlista og svo innritunaraldurinn sjálfan. Viðmiðunarár í fyrri könnun vegna innritunaraldurs var árið 2018. Hér á eftir verður því í einhverjum tilvika gerð grein fyrir ef munur er á svörum milli kannana.

Í fyrstu voru þau spurð hvort þau hefðu sett sér stefnu um viðmið vegna innritunaraldurs


Mynd 5. Stefna eða viðmið um innritunaraldur



barna. Öll sveitarfélögin 41 svöruðu spurningunni. Nær öll eða 40 segja að þau hafi sett sér stefnu eða viðmið um innritunaraldur í leikskóla, en eitt nefnir að þó viðmið sé ekki til staðar sé það í mótun.

Í framhaldi af spurningu um hvort sveitarfélögin hafi sett sér stefnu eða aldursviðmið þegar börnum er boðin leikskólavist, voru þau spurð hver sú stefna eða aldursviðmið væri. Um opna spurningu var að ræða. Öll sveitarfélögin sem þátt tóku í könnuninni svöruðu spurningunni en í þeim búa 91% landsmanna.

Mynd 6. Hvert er viðmið vegna innritunaraldurs í leikskóla?



Tölur í bláu súlunum vísa í fjölda sveitarfélaga en gula línan tilgreinir hlutfall landsmanna sem þar búa. Fram kemur að 33 sveitarfélög hafa sett sér stefnu eða viðmið um að innrita börn við 12 mánaða aldur eða yngri. Þar býr


þriðjungur landsmanna. Árið 2019 höfðu jafnmörg sveitarfélög sett sér sama aldursviðmið, en samsetning innan sveitarfélagahópsins hefur breyst því þá bjuggu einungis 17% landsmanna í þeim sveitarfélögum. Fjögur sveitarfélög setja sér það viðmið að innritunaraldur sé um 18 mánaða en þar býr tæplega helmingur landsmanna. Munar þar talsverðu um að Reykjavíkurborg er í þessum hóp. Það eru enn tengsl á milli stærðar sveitarfélaga og viðmiðunaraldurs á þann veg að fámennari eru líklegri til þess að hafa lægri aldursviðmið en þau sem fjölmennari eru. Það hefur þó orðið nokkur breyting þannig að fjölmennari sveitarfélög hafa í einhverjum tilvikum lækkað sitt viðmið frá því sem könnunin 2019 sýndi.

### INNTRITUNARALDUR Í REYND

Þegar stefnan hefur verið skoðuð vaknar eðlilega áhugi á að skoða hvernig málum er háttað í reynd. Því var annars vegar kallað eftir upplýsingum um aldur og fjölda barna sem hófu leikskólavöl í fyrsta sinn í leikskóla og svo fjölda barna á biðlista eftir aldri.

Spurt var um aldur og fjölda barna sem innrituðust í leikskóla árið 2021. Gefin voru upp 10 aldursbil í mánuðum en við úrvinnslu voru þau flokkuð í fimm aldushópa. Eingöngu var spurt um börn sem hófu dvöl í fyrsta sinn og var sérstaklega tekið fram að telja ekki með þau börn sem höfðu leikskólaskipti. Mynd 7 sýnir hlutfallslega skiptingu þeirra eftir aldri árin 2018 og 2021.

Mynd 7. Aldur barna við innritun í leikskóla árin 2018 og 2021




Myndin sýnir hve mikil dreifing er á aldri barna sem innritast í leikskóla sveitarfélaga. Þó má sjá að

flest eru þau á aldursbilinu 19-24 mánaða eða ríflega þriðjungur þeirra. Rúmlega fjórðungur innritast á aldrinum 13-18 mánaða sem er sama hlutfall og var árið 2018. Athygli vekur að hlutfallslega hefur fækkað í þeim hópi barna sem innritast 31 mánaða eða eldri. Þannig voru 15% sem innrituðust á þeim aldri árið 2018 en hlutfallið lækkað í 9% árið 2021. Hér er rétt að geta þess að mögulega var um ákveðna þjögun að ræða í svörum vegna 2018 þar sem ekki kom nægjanlega skýrt fram í fyrirspurn að undanskilja átti þann hóp barna sem höfðu leikskólaskipti.

Að lokum var spurt um fjölda barna á biðlista eftir aldri þeirra. Miðað var við 1.nóvember 2021. Þessari spurningu svöruðu 27 sveitarfélög en þar búa 87% landsmanna. Líkur eru á að í a.m.k. einhverjum þeirra sveitarfélögum sem ekki svöruðu hafi ekki verið börn á biðlista

Mynd 8. Fjöldi barna á biðlista eftir aldri árin 2018 og 2021



á þessum tímapunkti. Mynd 8 gefur yfirlit yfir hlutfallslega skiptingu barna á biðlista eftir aldri þeirra í mánuðum talið að hausti árin 2018 og aftur 2021. Aldurssamsetning á biðlista hefur tekið nokkrum breytingum. Haustið 2018 var ríflega þriðjungur

Skýring: Í báðum könnunum var miðað við biðlista í leikskóla 1. nóvember.

barna á biðlista yngri en 12 mánaða. Premur árum síðar hefur yngstu börnum fjölgað hlutfallslega verulega á biðlistanum og eru tæp 60% af þeim börnum sem eru á biðlista. Að sama skapi eru hlutfallslega færri eldri börn á biðlista en áður. Ein skýring er sú að aukinn þrýstingur er á að börn komist fyrr inn á leikskóla en áður var.

Að lokum var þátttakendum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum vegna innritunaraldurs barna og það tækifæri gripu 18 sveitarfélög. Athugasemdir má nálgast í heild sinni í Fylgiskjali 1, en sum nefndu að ekki væri biðlisti í sveitarfélaginu en allnokkur nefna að börn komist ekki inn á biðlista fyrr en við 12 mánaða aldur, eitt að viðmið inn á biðlista sé við 15 mánaða aldur og enn annað að viðmið á biðlista sé 24 mánaða.



## FYLGISKJAL 1. SVÖR ÚR OPNUM SPURNINGUM

### *Spurning 3. Við hvað er miðað þegar grunnmönunarpörf inn á deildum leikskóla er metin?*

Hér voru svarmöguleikar fjórir, þ.e. miðað við barngildi, miðað við fermetrafjölda, miðað við hvoru tveggja barngildi og fermetrafjölda, og svo annað. Hér fyrir neðan koma athugasemdir sem bárust frá þeim er merktu við „annað“.

- Barngildi og erum samt að gera átak í því að hafa fermetra líka sem viðmið.
- Miðað er við barngildaviðmið sem við settum okkur og eru aðeins breytt frá þeim viðmiðum sem gefin voru út á sínum tíma og eru nú ekki lengur gild. Auk þess er tekið tillit til rýmis, einstakra barna og samsetningar barnahópsins.
- Erum með leikskólalíkan sem metur þörf út frá barngildum, undirbúningstíma og orlofsdögum.
- Þjónustumat, Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólstarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðiþjónustu.
- Við tökum einnig mið af barngildum.
- Miðað við getu starfsmanna, hversu mörgum börnum getur hver og einn séð fyrir grunnþörfum.
- Erum með ungbarnadeild og rúmgóðan leikskóla, fá börn miðað við rými þannig að við förum millibil beggja leiða og eins metum við aukna þörf á mönnun vegna barna með sérþarfir.
- Deildir eru aldurskiptar og viðmið er um hámarksfjölda barna.
- Farið er eftir fjölda barngilda eftir aldri barna en þó er samsetning barnahópsins höfð í huga og ekki fyllt í öll pláss ef svo ber undir.

### *Spurning 4. Ef grunnmönun inn á deildum leikskóla er metin á grundvelli barngilda, hvert er viðmið um barngildi eftir aldri barna?*

Hér voru sveitarfélög beðin að gefa upp barngildi eftir aldri, en þeim einnig gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum ef einhverjar voru.

- Við förum meira eftir því hvað starfsmenn treysta sér í að kenna þegar kemur að fjölda. Á yngstu deild eru 3 og einn starfsmaður, á eldri deild eru 7 og tveir starfsmenn. Því miður höfum við ekki fleiri nemendur en gætum bætt við án þess að fjölga starfsfólki.
- Ef nemandi þarfnast verulegs stuðnings, metur skólastjóri hversu mörgum barngildum er bætt við og leggur það fyrir sinn yfirmann með rökstuðningi.
- Börn yngri en 1 árs er 2,6.
- 9-12 mánaða = 2 barngildi.
- Þetta eru barngildi eins og við í samráði við sveitarfélagið ákváðum að hafa þau.
- "Barngildi reiknast sem 12-18 mán= 2,5, 18-26 mán = 1,6, 26-36 mán =1,6, 3-4 ára = 1,3, 4-5 ára = 1,0 og 5 ára =0,8.
- Höfum miðað við fjögur eins árs börn á stafsman.
- Barngildi eru aukin upp í næsta fyrir ofan ef barn er með sérþarfir.
- Elsti börn eru svona á mörkunum 0,8 - 1. Fer eftir aðstæðurm og því hversu krefjandi hópurinn er á hverjum tíma.

- Að einhverju leyti er einnig miðað við fm fjölda á barn. Þá er einnig tölvvert horft til og tekið mið af samsetningu barnahóps, fjölda í árgöngum og sérþörfum.
- Reynt er að hafa mönnun á deildum miðað við 2,4 barngildi þar til þau eru 18 mánaða.
- -Hafin er vinna að endurskoðun barngildin og uppreikna þau þannig að 5 ára börn verði 1 barngildi og koll og kolli.
- Sama svar og vð spurningu 1, þjónustumat er undirstaða grunnmönnunar. Engin barngildisviðmið eru í lögum um leikskóla. Unnið er samkvæmt reglugerð nr. 655/2009.
- Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla grein 7.
- Yngsti árgangur hverju sinni er að hámarki 16 börn á deild og 1 stöðugildi til viðbótar því sem barngildin gefa.

*Spurning 5. Ef grunnmönnun inn á deildum leikskóla er metin á grundvelli fermetrafjölda á hvert barn, hvað er áætlað að hvert barn þurfi marga fermetra ?*

Hér voru svarmöguleikar tveir, þ.e. annars vegar viðmið vegna fjölda fermetra inni á leikskóladeild og hins vegar viðmið vegna heildarrýmis. Að auki var boðið upp á að koma á framfæri athugasemdum, sem sjá má hér að neðan.

- Fermetrafjöldi er of lítill fyrir hvern nemanda og þarf að hækka hann töluvert nema að kennarar verði taldir inn í m<sup>2</sup> líka. érstaklegs er heildarm<sup>2</sup> fjöldi of lítill þar sem aðstaða fyrir kennara er lítill vegna þess að verið er að spara pláss.
- Við höfum eingöngu haft fermetraviðmið til hliðsjónar við ákvörðun fjölda barna inn á deild. Nú eru 104 nemendur í Leikskóla Fjallabyggðar og eins og er höfum við brúttórými 9.25 ferm. Pr barn og leikrými (deildarrými) 3.75 fermetra pr. Barn. Þetta eru heildartölur yfir báðar starfsstöðvar en það hallar verulega á starfsstöðina í Ólafsfirði hvað rými varðar.
- Hefur verið reiknað upp reglulega með tilliti til þess að börn eru að koma yngri inn á leikskóla.
- Höfum ekki tekið það saman en miðað er við að leikskólinn taki 35 börn. Höfum verið með 36 börn og fengum þá fými frá grunnskóladeild því þá voru fáir nem. í grunnskólanum.
- Það þyrfti að taka tillit til þess pláss sem starfsfólk tekur þegar verið er að áætla fermetrafjölda á börn í leikskóla.
- Ekki hafa verið sett viðmið með fermetrafjölda þar sem ekki hefur verið skortur á rými.
- Hef aldrei þurft að fara eftir þessum viðmiðum þar sem plássíð er nægt.
- Gamla gildið var 7m<sup>2</sup> en við erum ekki að nota þetta við mönnunarskilgreiningar.
- Aðeins leikrými er reiknað út.
- Leikrými inná deildum er mjög misjafnt eftir leikskólum., Bygginganar eru ólíkar, sumar með stærra mörými og minni leikstofum.
- Grunnmönnun er ekki unnin samkvæmt fermetrafjölda þar sem það er ekki lengur í lögum sjá fyrri svör, unnið er eftir reglugerð 655/2009.
- Aldrei er miðað við heildarrými leikskólans því leiksvæði barnanna er t.d. ekki í kaffistofu starfsmanna, undirbúningsherbergjum, klósettum og svo framvegis.

- Viðmið vegna fm2 er frá reglugerð frá 1994. Í dag þarf að taka tillit til hópsins í heild, vinstunartímar barnanna sem eru mun lengri en frá 1994 einnig eftir lög um leikskóla frá 2008 um að öll sérkennsla skulu eiga sér stað innan veggja leikskólans.
- Í sumum af okkar leikskólum höfum við getað miðað við 4 fermetra á barn inn á leikskóladeild.
- Grunnmönnum m.v. barngildi.
- Við erum með tvær deildir og nóg pláss fyrir alla.
- Eins og staðan er núna í húsnæðismálum leikskóla er hægt að tvöfalda fjölda barna áður en við þurfum að hafa áhyggjur af húsnæði. Rúmt um okkur, bæði innan deilda og í heildarrými.
- Við erum að reyna að koma okkur út úr þessari hugsun en viðmiðið við síðustu byggingu var 3,5 fermetrar.
- Útisvæði er 30 - 40 m<sup>2</sup> sem viðmið og aldrei minna en 20 m<sup>2</sup>. Einnig reynum við að fara í efri mörk með alla fermetra þar sem þörf fyrir öll stoðrymi hefur stækkað á liðnum árum.

#### *Spurning 6. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri um viðmið vegna mönnunar í leikskólum?*

Um opna spurningu var að ræða.

- Mikilvægt að til séu viðmið um fermetrafjölda út frá fjölda og aldri barna.
- Rými á hvert leikskólabarn er alltof lítið, sveitarfélög virðast ekki vera að taka gild þessi rök að hvert barn eigi að hafa 3 fermetra í leikrými og í fataherbergi ásamt því að hver kennari á að vera með 4,7 fermetra fyrir sig. sem gerir það að verkum að rými er of lítið og of mikið áreiti og á nemendur og starfsmenn.
- Starfsfólk hefur ekki verið tekið inn í fermetratöluna hingað til.
- Farið er eftir viðmiðum í reglugerð.
- Meta þarf mönnun út frá nemendahópnum.
- Hefur gengið vel hingað til hjá okkur og fengið að ráða starfsmenn eftir því sem ég met þörfina.
- Tölur segja ekki allt varðandi mönnunarþörf
- Mikilvægt að tekið sé tillit til styttingar varðandi mönnun annað er skerðing á fyrir nemendur.
- 7 stunda vinnuvika og er sú stytting vinnuvikunnar mönnuð að fullu leyti.
- Mikilvægt að hafa inni afleysingu og taka tillit til barnahópsins.
- Mönnun í leikskóla er unnin í samvinnu við leikskólastjóra út frá samsetningu barnahópsins og þjónustuþörf.
- Gera þarf betur (launalega) við starfsfólk svo fleiri vilji vinna þetta frábæra starf.
- Við metum mönnun þannig að 12-18 mánaða ætti eð reikna sem 2,4 barngildi eða um 3 börn á starfsmann. Teljum mikilvægt að barngildi elstu barna verði hækkað úr 0,8 í 1 (um 8 börn á starfsmann).
- Færri börn í rými myndi bæta starfsaðstæður bæði barna og starfsfólks.
- Það vantar inn fermetrafjöldann fyrir starfsmennina. Það þarf alltaf að vera mannað þannig að þeir sem eiga undirbúning geti nýtt sér hann og allir þeir sem sinna sérstökum „kennslustundum“ geti undirbúið þær. Einnig þarf að koma til

móts við styttingu vinnuvikunnar og að hægt sé að halda uppi faglegu starfi í litlum hópum til þess að tryggja gæði faglegs starfs þar sem börnunum líður vel og eru örugg en það hefur sýnt sig að börnunum líður betur í fámennari hópum.

- Tel að þetta fari mikið eftir starfsfólki hverju sinni.
- Sjá fyrri svör.
- Hafin er vinna við endurskoðun á starfsumhverfi leikskólanna í Árborg.
- Við erum með fasta afleysingu inn á öllum deildum auk rúllandi stuðnings þar sem eru börn sem þarfnast stuðnings.
- Mikilvægt er að samræma viðmið og setja í reglugerð.

#### *Spurning 11. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri vegna innritunaraldurs leikskólabarna?*

Um opna spurningu var að ræða.

- Tryggja þarf aðstöðu í hverjum leikskóla fyrir 12-16 mánaða gömul börn.
- Innritunar aldur var hækkaður frá 8 mánaða upp í 12 mánuði nú um áramótin. Það mun létta starf okkar á leikskólastiginu. foreldrar voru líka að senda barnið á leikskóla en voru síðan heima, sóttust eftir því að plássíð sem fyrst þó svo að þau færu ekki að vinna. Fæðingarorlof ætti að vera merkt barninu að barnið eigi rétt á því að vera með foreldri sínu í 12 mánuði.
- Í undantekningartilfellum eru börn innrituð frá 9-12 mánaða.
- Öll börnin sem eru á biðlista og eru undir 12 mánaðar aldri munu fá leikskólapláss í síðasta lagi 12 mánaða.
- Hefur ekki verið biðlisti hingað til. Hlakka til að svo verði. Viljum fleiri börn :)
- Almennt tekið við 12 mán. aldur, sama hvaða tími árs er.
- Öll börn í sveitarfélaginu sem náð hafa eins árs aldri fá vistunarrými.
- Nemendur eiga að hefja nám í leikskóla í fyrsta lagi 12 mánaða.
- Heimilt er að veita undanþágu börnum sem náð hafa 12 mánaða aldri leikskólapláss ef laust er í leikskólanum.
- Elsta barn á biðlista varð 1 árs í nóvember 2021. Mikill fjöldi barna yngri en 1. árs skýrist af því að allir sækja um um leið og krílið kemur í heiminn.
- Börn fara ekki á biðlista fyrr en við 15. mánaða aldur.
- Börn yngri en 12 mánaða teljast ekki vera á biðlista þar sem fæðingarorlof er 12 mánuðir.
- 2020 og 2021 voru mjög stórir árgangar í sveitarfélaginu og í dag 25. janúar eru 19 börn í sveitarfélaginu sem þurfa að komast inn á leikskóla á þessu ári. Miðað við mönnun leikskólans er hæpið að það gerist, nema að færa elsta hóp leikskólans í grunnskólann og þrátt fyrir það, tel ég að okkur vanti einfaldlega fleira starfsfólk.
- Börn fara ekki á biðlista fyrr en þau hafa náð 12 mánaða aldri.
- Börn hafa verið að komast inn þegar foreldrar óska eftir utan sumarmánaða þ.e. maí - byrjun ágúst.
- Vistun þarf að vera til staðar eða heimagreiðslur til foreldra - ef foreldrar þurfa að fara út á vinnumarkaðinn. B. 12 mánaða börn þurfa að vera í mjög fámennum hópum og 8 tímar er langur vinnudagur fyrir þennan aldur.
- Ekki er litið á að börn séu á biðlista fyrr en þau eru orðin 24 mánaða.
- Nei óskastaðan hérna væri að fá fleiri börn:)



## Könnun um viðmið vegna mönnunar á leikskólum og innritunaráldur

### 1. Viðmið vegna mönnunar í leikskólum

Undanfarin misseri hefur skapast nokkur umræða um mönnun í leikskólum og hvaða viðmið sveitarfélög styðjast við í þeim efnum þar sem ekki er um samræmd viðmið að ræða í lögum eða reglugerðum.

Því hefur sambandið hug á að afla upplýsinga um hvaða viðmið sveitarfélög styðjast við.

Að auki er spurt út í innritunaráldur leikskólabarna aftar í könnuninni.

Óskað er eftir að svör berist eigi síðar en þriðjudaginn 25.janúar 2022 .

Umsjónarmaður með könnuninni er Valgerður Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði.

Netfang hennar er [valgerdur@samband.is](mailto:valgerdur@samband.is)

#### 1. Heiti sveitarfélags \*

#### 2. Starfsheiti þess er svarar

#### 3. Við hvað er miðað þegar grunnmönnunarpörf inn á deildum leikskóla er metin? \*

- Miðað er við fjölda barngilda eftir aldri barna
- Miðað er við fjölda fernetra á hvert barn
- Miðað er við bæði fjölda barngilda og fjölda fernetra á hvert barn

Annað, vinsamlega tilgreinið hvað

## 2. Viðmið á grundvelli barngilda

4. Ef grunnmönnum inn á deildum leikskóla er metin á grundvelli barngilda, hvert er viðmið um barngildi eftir aldri barna?

	Barngildi
1 árs	<input type="text"/>
2 ára	<input type="text"/>
3 ára	<input type="text"/>
4 ára	<input type="text"/>
5 ára	<input type="text"/>

Athugasemdir ef einhverjar eru

## 3. Viðmið á grundvelli fermetrafjölda

5. Ef grunnmönnum inn á deildum leikskóla er metin á grundvelli fermetrafjölda á hvert barn, hvað er áætlað að hvert barn þurfi marga fermetra ?

	Fjöldi fermetra
Fjöldi fermetra á barn inn á leikskóladeild	<input type="text"/>
Fjöldi fermetra á barn í heildarými leikskólans	<input type="text"/>

Athugasemdir ef einhverjar eru

6. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri um viðmið vegna mönnunar í leikskólum?

#### 4. Innritunaráldur leikskólabarna

Árið 2019 var send út könnun vegna kortlagningar á innritunaráldri leikskólabarna í kjölfar umræðu um að leikskólinn skyldi brúa bilið milli fæðingarorlofs og grunnskólagöngu barna.

Því hefur sambandið hug á að skoða hver þróun hefur verið í innritunaráldri leikskólabarna frá því að könnunin var send út fyrir u.þ.b. þremur árum síðan.

7. Hefur sveitarfélagið sett sér stefnu eða viðmið um við hvaða aldur skuli miða þegar barni er boðin leikskólavist?

- Já  
 Nei  
 Er í mótun

8. Hafi sveitarfélag sett sér stefnu eða viðmið um við hvaða aldur barns skuli miða þegar því er boðið leikskólavist í fyrsta sinn - við hvaða aldur er miðað? Vinsamlega tilgreinið í mánuðum. \*

9. Hér er kallað eftir upplýsingum um aldur og fjölda barna sem hófu leikskóladvöl í fyrsta sinn í leikskóla á vegum sveitarfélagsins árið 2021. Aldur er gefinn upp í mánuðum.

Athugið, ekki er óskað eftir upplýsingum um börn sem skiptu um leikskóla.

	Fjöldi barna
9 mánaða og yngri	<input type="text"/>
10 - 12 mánaða	<input type="text"/>
13 - 15 mánaða	<input type="text"/>
16 - 18 mánaða	<input type="text"/>
19 - 21 mánaða	<input type="text"/>
22 - 24 mánaða	<input type="text"/>
25 - 27 mánaða	<input type="text"/>
28 - 30 mánaða	<input type="text"/>
31 - 33 mánaða	<input type="text"/>

Fjöldi barna  
34 mánaða eða eldri

**10. Hversu mörg börn voru á biðlista eftir að komast í leikskóla í sveitarfélaginu þann 1. nóvember 2021, skipt eftir aldri?**

**Ath. ekki er spurt um börn sem eru á biðlista vegna leikskólaskipta. \***

	Fjöldi barna á biðlista 1.11.2021
Yngri en 12 mánaða	<input type="text"/>
12 - 18 mánaða	<input type="text"/>
19 - 24 mánaða	<input type="text"/>
25 - 30 mánaða	<input type="text"/>

**11. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri vegna innritunaraldurs leikskólabarna?**

VFA